

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Mars 2019

Skráð atvinnuleysi var 3,2% í mars

Skráð atvinnuleysi í mars mældist 3,2% og voru að jafnaði 5.962 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 272 á atvinnuleysissskrá frá febrúar. Alls voru í mars 1.659 fleiri á atvinnuleysissskrá en í mars 2018.

Alls voru 3.297 karlar að jafnaði atvinnulausir í mars og 2.665 konur og var atvinnuleysi 3,2% meðal karla og 3,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentu-stig milli mánaða hjá körlum svo og konum.

Í mars tóku 1.660 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir eða 787 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fór 671 einstaklingur af skrá í marsmánuði, þar af fór 441 í vinnu eða um 66%.

Alls komu inn 185 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleira eða 49 störf.


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði. Þeir halda atvinnuleysisbótum sínum og fá útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars voru gefin út 69 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu.

Í mars gaf Vinnumálastofnun út 184 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi þar sem meira en helmingurinn var framlengd leyfi. Þá voru í mars 2019 starfandi 20 erlend þjónustufyrirtæki með samtals 111 starfsmenn og samtals voru 949 starfsmenn á vegum 32 innlendra og erlendra starfsmannaleiga.

Alls voru 2.315 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok mars eða um 33% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 6,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Í mars 2018 var hlutfall erlendra ríkisborgara 30% allra atvinnulausra.

Í lok mars virkjaði Vinnumálastofnun viðbragðsáætlun vegna gjaldþrots WOW air, enda fjölgaði þá nýskráningum mikið. Lögð var höfuðáhersla á skýra upplýsingagjöf til þeirra sem voru að missa vinnuna og að tryggja þeim góða móttöku og þjónustu. Þá var umsóknarferli hjá Ábyrgðasjóði launa einfaldað og lögð áhersla á að hraða afgreiðslu umsókna um atvinnuleysisbætur þannig að umsækjendur um atvinnuleisistryggingar fái greiðslu þann 1. maí.

Skráð atvinnuleysi frá mars 2017 til mars 2019




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í mars og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í mars mældist eins og fyrr segir 3,2% og voru að jafnaði 5.962 einstaklingar á atvinnuleysis-skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 272 á atvinnuleysis-skrá frá febrúar. Alls voru í mars 1.659 fleiri á atvinnuleysis-skrá en í mars 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 5,4% og hefur það aukist mun hraðar þar síðustu mánuði en annars staðar á landinu, einkum vegna samdráttar í flugrekstri og tengdum greinum í flutningum og ferðaþjónustu. Næst mest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra 3,3%, en minnst á Norðurlandi vestra 1,3%.

Alls voru 3.297 karlar að jafnaði atvinnulausir í mars og 2.665 konur og var atvinnuleysi 3,2% meðal karla og 3,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða bæði hjá körlum og konum.

Frá mars 2018 til mars 2019 hefur atvinnulausum fjölgað hlutfallslega meira í yngri aldurshópnum. Mest er fjölgunin í aldurshópnum 25-29 ára (77%) og því næst í aldurshópnum 20-24 ára (61%) og um 52% meðal fólks á aldrinum 30-39 ára, en minna í eldri aldurshópnum. Alls voru 884 ungmenni 18-24 ára atvinnulaus nú í mars-mánuði samanborði við 571 í mars á síðasta ári.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 1.163 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars en voru 915 í marslok 2018. Hefur þeim því fjölgað um 248 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var um 16,7% af öllum á atvinnuleysis-skrá í mars 2019 en 19,9% í mars árið 2018. Mikil fjölgun atvinnulausra í lok mars á þessu ári skýrir lægra hlutfall langtímaatvinnulausra.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í mars 2019 frá mars 2018. Mest fjölgaði atvinnulausum í flutningastarfsemi sem skýrist að mestu af gjaldproti WOW air. Einnig hefur atvinnulausum fjölgað talsvert milli ára í ýmsum þjónustugreinum, einkum tengdum ferðaþjónustu og raunar einnig í verslunarstarfsemi og byggingariðnaði.

Atvinnulausum hefur fjölgað um 40-50% í flestum starfsstéttum frá mars 2018 til mars 2019, mest meðal véla- og vélgæslufólks um nálægt 60%. Minnst var fjölgun atvinnulausra meðal stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðs starfsfólks þar sem aukningin var á bilinu 23-33%.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.597 milljónir í mars


Þar af voru:

1.463 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

43,5 milljónir vegna barnadagpeninga.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.315 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok mars eða um 33% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 6,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Í mars 2018 voru erlendir ríkisborgarar um 30% allra atvinnulausra. Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað hlutfallslega meira á atvinnuleysissskrá síðustu 12 mánuði en íslenskum, en í nú í marsmánuði fjölgaði íslenskum ríkisborgurum mun meira en erlendum og fór hlutfall erlendra ríkisborgara því úr um 36% af heildarfjölda atvinnulausra í 33%.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 1.280, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok mars 2019



Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi hefur nánast alltaf lækkað milli mars- og aprílmánaða síðustu 30 ár, með örfáum undantekningum þegar kreppt hefur að í íslensku efnahagslífi.

Vinnumálastofnun gerir nú ráð fyrir að skráð atvinnuleysi muni aukast í apríl í ár og muni verða á bilinu 3,3-3,6%. Skýrist það einkum af gjaldþroti WOW air og samdráttar af þeim sökum í tengdum atvinnugreinum.

HÓPUPPSAGNIR

Í mars var tilkynnt um

6 hópuppsagnir

Tvær uppsagnir voru í starfsemi tengdri flutningum og geymslu, þar sem 328 manns var sagt upp störfum, þar af 315 hjá Airport Association, en stórum hluta þeirra sem sagt var upp þar hefur verið boðin endurráðning.

Hinar uppsagnirnar koma úr fjórum atvinnugreinum; 46 manns var sagt upp í ferðaþjónustu, 37 í framleiðslu, 32 í byggingastarfsemi og 30 í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi.

Fyrstu þrjú mánuði ársins 2019 hefur 570 einstaklingum verið sagt upp störfum í hópuppsögnum.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fór 671 einstaklingur af skrá í marsmánuði, þar af fór 441 í vinnu eða um 66%. Þá voru 136 (20%) einstaklingar afskráðir því þeir drógu umsókn til baka eða staðfestu ekki atvinnuleit í lok mars. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. var 31 einstaklingur afskráður vegna óvinnufærni, 15 einstaklingar fluttu úr landi og 12 fóru í fæðingarorlof.

Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í mars, 55% voru karlar en 44% konur. Um 79% afskráðra eða 533 manns höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 13% (85) í 6 til 12 mánuði. Um 8% afskráðra (53) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.



Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 35%. Um 27% voru 30-39 ára og 23% 50 ára eða eldri. Fæstir afskráðra voru í aldurshópnum 40-49 ára eða 16%.

Auglýst störf í vinnumiðlun í mars


Alls komu inn 185 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf annars vegar verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleira og hins vegar sérfræði-, stjórnunar- og skrifstofustörf eða 49 störf í hvorum hópi. Þá var auglýst 31 afgreiðslustarf og 30 störf verkafólks í þjónustu. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 51%. Annað er átaksverkefni, reynsluráðning eða störf fyrir fatlaða. Flest þessara starfa eða 58% voru á höfuðborgarsvæðinu, 18% á Suðurlandi og 8% á Norðurlandi eystra. Þá voru 16% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	49	26%
Þjónustustörf	15	8%
Afgreiðslustörf	31	17%
Iðnaðarmenn	11	6%
Verkafólk í þjónustu	30	16%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	49	26%
Samtals	185	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í mars tóku 1.660 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir, eða 787 einstaklingar, fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 562 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlandinga en



nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Þá voru 90 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 38 einstaklingar voru í endurhæfingarárræðum.


Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í mars unnu 38 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 68 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðs-úrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frum-
köðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Loks var 81 einstaklingur með vinnusamning öryrkja eða önnur sértæk úrræði í mars. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars voru gefin út 69 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 46 einstaklingar, sex einstaklingar fóru til Lettlands og þrír fóru til Litháen. Þá voru gefin út 14 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja. Í mars komu sex einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2019



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í mars voru gefin út 95 U1 vottorð. Líkt og oftast áður voru flest vottorðin gefin út til Póllands (37), 15 vottorð voru gefin út til Litháen og 13 til Tékklands. Þau sem eftir standa, eða 30 vottorð, voru gefin út til 10 annarra ríkja.

Útflutt réttindi í atvinnuleysis-tryggingakerfinu eftir löndum, mars 2019




Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í mars gaf Vinnumálastofnun út 184 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 76 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 108 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2019




Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 51 leyfi. Þá voru gefin út 48 námsmannaleyfi og 25 leyfi vegna sérstakra ástæðna. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í mars eru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar eða sérmenntunar (38%). Um 35% vegna þjónustustarfa og 18% vegna starfa verkafólks í fiskvinnslu og iðnaði og skyldum greinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 20 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í mars 2019 með samtals 111 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra, samtals 949 í mars á vegum

25 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga koma frá Póllandi eða 66%, 19% eru frá Litháen og 5% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 10% starfsmanna, koma frá 9 öðrum ríkjum.

Atvinnuleyfi eftir starfsgreinum í mars 2019



Viðbrögð vegna gjaldþrots WOW air

Þegar Wow air fór í gjaldþrot þann 28. mars sl. virkjaði Vinnumálastofnun viðbragðsáætlun sem unnin hafði verið til að bregðast við skyndilegum og meiriháttar áhrifum á starfsemi stofnunarinnar. Gjaldþrot Wow air var af þeirri stærðargráðu að réttlætjanlegt var talið að virkja þessa vinnu.

Strax að morgni 28. mars var kallaður saman viðbragðshópur til að teikna upp heildarmyndina þar sem lagt var mat á mögulegar afleiðingar gjaldþrotsins á þjónustu stofnunarinnar og til hvaða auknu aðgerða þyrfti að grípa strax. Í upphafi var lögð höfuðáhersla á trausta og skýra upplýsingagjöf um fyrstu skref fólks sem lendir í þeim aðstæðum að vera sagt upp sökum gjaldþrots. Svo var farið í það að tryggja mannafla á þeim starfsstöðum þar sem vænta mætti mests álags vegna beinnar þjónustu við atvinnuleitendur. Skýr upplýsingagjöf og trygg þjónusta var því það sem fyrst var lögð áhersla á.

Það var ljóst frá upphafi að gera þyrfti ráðstafanir til þess að greiða fyrir afgreiðslu umsókna í Ábyrgðarsjóð launa og innheimtu staðfestingu á starfstímabili þess fólks sem sagt var upp. Slíkt var nauðsynlegt til að gera umsóknarferlið allt sem auðveldast og flýta mætti fyrir afgreiðslu umsókna sem að alla jöfnu tekur 4-6 vikur. Það tókst og nú þegar þetta er skrifað er ekkert sem bendir til annars en að allir starfsmenn Wow air sem sagt var upp og sóttu um atvinnuleysisbætur strax eftir uppsögnina fá atvinnuleysisbætur 1. maí.

Þann 8. apríl höfðu 740 fyrrum starfsmenn Wow air sótt um atvinnuleysisbætur frá 28. mars. Af þeim búa 610 á höfuðborgarsvæðinu, 108 á Suðurnesjum og 22 af öðrum svæðum. Það sem hins vegar hefur gerst er að nokkuð hefur verið um umsóknir fólks frá öðrum fyrirtækjum frá því Wow air fór í gjaldþrot. Í heildina hefur 1.441 umsókn um atvinnuleysisbætur borist Vinnuáalastofnun frá 28. mars sl. Af þeim eru 342 frá erlendum ríkisborgurum og 1.099 frá Íslendingum.

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR GREIDDI

1.226 milljónir mars
til 4.323 foreldra

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

78 launamönnum
vangoldin laun vegna gjaldþrota
27 fyrirtækja í mars.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnþáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuáalastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra